

tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur effirmanna sinna.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

15. gr.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

16. gr.

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, er sýslufélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun, en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan sýslunnar, eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau, sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis.

Sýslufélög njóta styrks til að greiða mönnum, sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa, sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum.

Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í embættið.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 31. 5. maí 1970, um dýralækna, og síðari breytingar á þeim lögum, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 1. október 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. október 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.